

Á morgun, sunnudag 4. maí, kl. 11-12, verður #menntaspjall á Twitter um samfélagsmiðla í námi og kennslu. Gestastjórnandi #menntaspjall er að þessu sinni Svava Pétursdóttir (@SvavaP), verkefnastjóri Náttúrutorgs og nýdoktor við Menntavísindsvið. Svava sótti þjálfun á vegum Pestalozziáætlunarinnar um notkun samfélagsmiðla til lýðræðisþátttöku síðasta vetur, síðan hefur hún rætt við og unnið með kennarahópum sem áhuga hafa haft á miðlunum í skólastarfi.



#menntaspjall
Sunnudaginn 4.maí
kl. 11.00
á www.twitter.com um:
**Samfélagsmiðla
í námi og kennslu.**

Gestastjórnandi:
Svava Pétursdóttir (@SvavaP)

Við höfum birt spurningar með dags fyrirvara til þess að hvetja þátttakendur til að lesa í gegnum spurningarnar og undirbúa jafnvel svörin svo þeir fái meira tíma í að lesa, skoða og svara því sem aðrir segja.

Spurningarnar verða:

1. Hvernig skilur þú orðið samfélagsmiðill?
2. Hvernig nýtir þú samfélagsmiðla í eigin þekkingarleit og símenntun?
3. Hvernig má nota mismunandi samfélagsmiðla með nemendum til náms og samskipta? Hvernig eruð þið að nýta þá í kennslu?
4. Miðlun skólastarfsins útávið, samskipti við foreldra og samfélagið, hverjir eru möguleikarnir?
5. Skil á milli einkalífs og vinnu á samfélagsmiðlum, hver er ykkar upplifun?

Ef tími vinnst til:

- Hvaða umræða hefur átt sér stað í þínum skóla eða hvaða viðmið hafa verið sett varðandi samfélagmiðla, öryggi, persónuvernd, miðlun mynda og vinnu nemenda?
- Hvaða kosti eða galla sjáið þið þegar bornir eru saman almennir samfélagsmiðlar (t.d.

#menntaspjall um samfélagsmiðla í námi og kennslu

Facebook, Twitter, Pintrest) og sérhönnuð námumsjónarkerfi (t.d. Moodle)?

